



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1818*  
*komudagur 18.4.2012*

Reykjavík 18. apríl 2012.

## **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 657. mál.**

Sjómannasamband Íslands (SSÍ) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, mál nr. 657. Hér á eftir fer umsögn sambandsins um einstakar greinar þar sem breytinga er þörf að mati SSÍ eða þar sem sérstaklega er tekið undir atriði í frumvarpinu. SSÍ gerir ekki athugasemd við þær greinar sem ekki eru nefndar sérstaklega í umsögninni. Eftirfarandi er umsögn SSÍ um einstakar greinar:

### **5. gr., Veiðileyfi.**

SSÍ gerir ekki athugasemd við greinina en fagnar því sérstaklega að skýrt sé kveðið á um að veiðileyfi með krókaflamarki verði ekki gefið út á fiskiskip sem er stærra en 15 brúttótonn. Á skýrleika þessa hefur skort í gildandi lögum.

### **8. gr., Úthlutun samkvæmt aflahlutdeildum.**

SSÍ er sammála því, eins og áður hefur komið fram, að skipta beri heildaraflamarki hvers fiskveiðiárs í tvo flokka. Í flokk 1 fari veiðiheimildir sem nýtingarsamningar eru gerðir um og í flokk 2 fari veiðiheimildir til annarra verkefna.

SSÍ mótmælir hins vegar harðlega ákvæði frumvarpsins um skiptinguna milli flokka, þ.e. 60% í flokk 1 og 40% í flokk 2, eftir að heildarafli þorsks fer yfir 202 þús. tonn, heildarafli ýsu yfir 60 þús. tonn, heildarafli ufsa yfir 50 þús. tonn og heildarafli steinbíts yfir 14 þús. tonn. Er þannig verið að flytja veiðiheimildir frá atvinnusjó mönnum til annarra sem ekki hafa sjómennsku að atvinnu allt árið.

Bent skal á að þegar aflahlutdeild er flutt frá skipi eða aðilaskipti verða á fiskiskipi með aflahlutdeild fara 3% af aflahlutdeildinni í flokk 2. Flokkur 2 kemur því til með að stækka hratt þó ekki sé sett aukið hlutfall í hann við aukningu veiðiheimilda í framangreindum tegundum. Sjá einnig umsögn um bráðabirgðaákvæði II varðandi upphaflega skiptingu í flokka 1 og 2.

### **11. gr, Leyfi til að nýta aflahlutdeild.**

Í þessa grein vantar skilyrði um að þeir sem fá nýtingarleyfi séu aðilar að kjarasamningi við áhöfn.

Í frumvarpi sem lagt var fram á 139. löggjafarþingi, þingskjali 1475 – 827. mál, var skilyrði til að fá nýtingarsamning orðað þannig í 2. málslíð 6. gr.: „Heimilt er við samningsgerð að taka tillit til fjárhagsstöðu útgerðar, þ.m.t. skil á greiðslum opinberra gjalda, og að í gildi séu kjarasamningar við áhafnir“.

Í vinnuskjali í frumvarpsformi, sem aldrei var lagt fram á Alþingi var þetta orðað þannig í 5. gr.: „Samning um nýtingu er eingöngu heimilt að gera við aðila sem eru í skilum með skatta og opinber gjöld og eru með gilda kjarasamninga við áhöfn“.

SSÍ leggur því til að eftir 2. málslið 2. mgr. 11. gr. bætist við nýr málsliður er orðist þannig: „Skilyrði fyrir nýtingarleyfi er að leyfishafar séu aðilar að kjarasamningi við áhafnir.“

#### **12. gr., Framsal aflahlutdeilda.**

Framsal aflahlutdeilda er takmarkað frá því sem nú er skv. þessari grein. SSÍ gerir í sjálfu sér ekki athugasemd við það, en spurning er hvort skynsamlegt sé að framsal aflahlutdeilda verði alfarið bannað eftir árið 2032. Hvað með hagræðingu í greininni eftir þann tíma?

#### **15. gr., Flutningur aflamarks.**

SSÍ tekur undir þessa grein, þ.e. að aðeins verði leyfð jöfn skipti og færsla á aflamarki milli skipa í eigu og rekstri sama aðila. Nauðsynlegt er að mati SSÍ að skip séu bæði í eigu og rekstri sama aðila eins og sagt er í 1. tölulið, þannig að ekki verði um málamyndaleigu á skipum að ræða til að geta flutt aflamark á milli skipa.

#### **16. gr., Krókaafلامarksskip.**

SSÍ fagnar því að lokað skuli vera fyrir flutning aflahlutdeilda og aflamarks milli skipa með veiðileyfi með krókaafلامarki annars vegar og veiðileyfi með aflamarki hins vegar. Hingað til hefur þetta verið opið í aðra áttina, þ.e. frá aflamarksskipum til krókaafلامarksskipa.

#### **17. gr., Kvótapiing.**

SSÍ fagnar því að kvótapiingið skuli endurvakið þannig að öll sala á aflamarki fari í gegn um uppboðsmarkað. Sjómannasamband Íslands saknar þess hins vegar að sama skuli ekki eiga að gilda um þann afla sem skipin koma með að landi. Að mati SSÍ væri eðlilegt að samhliða yrði stigið það skref að skylda útgerðir til að selja aflann á uppboðsmarkaði eða að verð á aflanum tæki a.m.k. mið af markaðsverði. Fyrsta skrefið í þeirri þróun er að aðskilja veiðar og vinnslu fjárhagslega. SSÍ telur nauðsynlegt að nú verði fyrsta skrefið stigið í markaðsvæðingu á aflanum til að koma í veg fyrir að sjómenn greiði fyrir kvótaleigu útgerðarinnar með lágu fiskverði.

#### **20. gr., Strandveiðar.**

Sjómannasamband Íslands er á móti strandveiðum eins og fram kom þegar þær voru leyfðar á sínum tíma enda sá afli sem ætlaður er til þessara veiða tekinn frá atvinnusjómönnum. Afstaða SSÍ hefur ekki breyst hvað þetta varðar. Fagnaðarefni er þó að ekki virðist ætlunin að auka við það magn af þorski og ufsa sem ætlað er til strandveiðanna. Eðlilegast væri að mati SSÍ að strandveiðihlutanum verði bætt við það aflamark sem ætlunin er að selja á Kvótapiingi, enda getur strandveiðiflotinn leigt sínar aflaheimildir þar eins og aðrar útgerðir sem eru í greininni. Verði strandveiðar áfram leyfðar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir þarf, að gefnu tilefni, að tryggja í 1. tl. 5. mgr. 20. gr. að strandveiðibátum sé óheimilt að fara á sjó fyrir kl. 12:00 á hádegi á mánudegi eftir sjómannadag, sbr. lög nr. 20/1987, um sjómannadag.

#### **26. gr., Tegundatilsfærsla og flutningur aflamarks milli fiskveiðiára.**

SSÍ gerir ekki athugasemd við greinina.

#### **27. gr., Undirmál og umgengi.**

Þetta ákvæði er óbreytt frá gildandi lögum. SSÍ hefur ítrekað gert athugasemdir við að löggjafinn skuli hlutast til um kjarasamninga sjómanna með því að ákveða að aðeins þau 20% verðmætisins sem útgerðin fær þegar afla er landað utan kvóta skuli vera grundvöllur til hlutaskipta. Sjómenn eiga að fá hlut úr heildarverðæti aflans skv. kjarasamningum.

**28. gr., Álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað.**

Sjómannasamband Íslands mótmælir þessari grein og telur engin rök fyrir því að afli sem fluttur er óunninn á erlendan markað skuli reiknaður með álagi við mat á aflamarki þess skips sem flutti hann út.

**31. gr., Hámark aflahlutdeildar eins aðila.**

SSÍ gerir ekki athugasemd við greinina.

**Ákvæði til bráðabirgða II.**

SSÍ hefði talið eðlilegt að aflahlutdeildir í upphafi fiskveiðiársins 2012/2013 verði í öllum tegundum skertar um sama hlutfall, þ.e. 5,3%. Ef sú skipting sem lögð er til í frumvarpinu leiðir til sátta í greininni getur SSÍ þó horft framhjá þessu atriði þar sem skiptingin er samkvæmt gildandi lögum, en ítrekar andstöðu við aukið vægi flokks 2 eftir að leyfilegur heildarafli í þorski, ýsu, ufsa og steinbíti fer yfir ákveðin mörk sbr. 8. gr.

**Ákvæði til bráðabirgð VII.**

SSÍ mótmælir því að fyrstu 4.500 tonn væntanlegrar kvótaaukningar í þorski á næsta fiskveiðiári skuli færð í flokk 2. SSÍ telur eðlilegt að þau hlutföll milli flokka sem mörkuð eru í bráðabirgðaákvæði II ráði alfarið um skiptinguna milli flokka.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson